

Sjávarútvegs og landbúnaðarráðuneyti

Ísafirði 18. september 2020

*Umsögn um mál í Samráðsgátt S-173/2020, frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða o.fl. (veiðistjórn grásleppu o.fl).*

Veiðar og vinnsla afurða úr grásleppu eiga sér langa hefð á Vestfjörðum og eru að grunni til hlunnindi sem sjávarjarðir áttu um aldir. Veiðarnar eru stundaðar hluta úr ári og eru mikilvægur þáttur í samspili veiða smábáta sem gerðir eru út frá Vestfjörðum á heilsársgrundvelli. Mikilvægi veiðanna er þó mismunandi á milli svæða, allt frá því að vera grundvöllur útgerðar yfir í að vera hliðargrein. Hið sama á við mikilvægi vinnslu afurða úr grásleppu.

Frumvarpið felur í sér að veiðistjórnun á grásleppu verði breytt úr sóknarstýringarkerfi í aflamarkskerfi og leyfishafar fyrir veiðum á grásleppu fái úthlutað hlutdeild í aflamarki. Í vinnslu þessara umsagnar hefur verið haft samband við fjölda aðila og eru mjög skiptar skoðanir um þessa breytingu og er það í takti við niðurstöðu starfshóps ráðuneytisins um veiðistjórn hrognkelsa. Fjórðungssambandið telur sig því ekki vera í stöðu að taka afstöðu til hvort halda beri núverandi kerfi eða breyta í aflamarkskerfi.

Hinsvegar leggur sambandið áherslu á hagsmuni smærri byggðarlaga og strjálbýlis og að þessir hagsmunir verði hafðir í fyrirrúmi við endanlega gerð frumvarpsins Því er settur fyrirvari á það mat sem sett er fram í lokaorðum greingagerðar frumvarpsins, að málefnasvið frumvarpsins snerti ekki málsvið annarra ráðuneyta og því sé ekki ástæða til að fara í sérstakt samráð.

Leggja verður áherslu á markmið 1. gr laga 79/1997 að tryggja byggð og atvinnu í landinu samhliða markmiði um uppbyggingu sjálfbærra fiskistofna. Fjórðungssambandið hvetur því til að unnið verði að samþættingu markmiða í áætlunum stjórnvalda og hvetur til samráðs við ráðuneyti og sveitarfélög um endanlega gerð frumvarpsins. Minnt er á að samhliða þessu frumvarpi liggur fyrir í Samráðsgátt kynning á frumvarpi um nýja ráðstöfun á byggðatengdum fiskveiðiheimildum, svokölluðum 5,3% byggðapotti. Tilgreint frumvarp byggir á skýrslu starfshóps ráðuneytisins sem hafði breiða skýrskotun til byggðamála og samspil þeirra mála við markmið um fiskveiðistjórnun.

Gæta verður að samspili þessara tveggja frumvarpa og staðinn verði vörður um hefðbundnar sjálfbærar nytjar til að efla atvinnulíf dreifðra byggða. Fyrirfram er ekki hægt að segja að hagsmunir smærri byggðarlaga og meginmarkmið um uppbyggingu sjálfbærra fiskistofna geti ekki farið saman. Gott hefði verið að á árinu 2018, við skipan starfshóp um veiðistjórnun hrognkelsaveiða, að skipa þar inn t.d. fulltrúa Byggðastofnunar.

Í annan stað er minnt á samþykkt Alþingis um Byggðaáætlun 2018-2022, þar sem sett eru yfirmarkmiðin; *að jafna tækifæri til atvinnu og að stuðla að sjálfbærri þróun byggða um allt land.*

Í þriðja lagi ber að nefna Byggðastofnun er í samstarfi við sveitarfélög og Vestfjarðastofnu um þrjú verkefni á Vesfjörðum innan Brothættra byggða. Í þessum verkefnum kemur fram að veiðar og vinnsla grásleppu sé mikilvægur þáttur í skapa festu í atvinnulífi byggðarlaganna og skapar um leið umhverfi til að þróa ný atvinnutækifæri. Breytingar á veiðum og vinnslu grásleppu ættu því að hafa markmiði að styðja við markmið Brothættra byggða.

Með þetta í huga tekur Fjórðungssambandið undir ákvæði 1. gr frumvarpsins um heimild ráðherra í reglugerð um að skilgreina staðbundar veiðar og tengingu heimilis útgerðar við tilgetin veiðisvæði. Eins telur Fjórðungssambandið að hagsmunum byggðarlaga sé gætt með ákvæðum 5. greinar frumvarpsins þar sem sett er hámark (2%) á hlutdeild einstakra útgerða í aflahlutdeild í grásleppu. Einnig að 6. gr taki nægjanlegt tillit til áunninnar veiðireynslu í grásleppu.

Varðandi 7. gr frumvarpsins um bráðabrigðaákvæði til að setja sandskola í aflamark og sóknarstýringu í sæbjúgnaveiðum, þá virðist nálgun frumvarpsins ná til að jafna hagsmuni aðila. Fjórðungssambandið leggur þar áherslu á að veiðar og vinnsla á sæbjúgum fari fram með sjálfbærum hætti og tryggi til langrar framtíðar staðbundna vinnslu í byggðarlögum m.a. á Vestfjörðum. Þannig njóti byggðarlögin nálægðar við staðbundna veiðistofna.

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri